

Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 09. mars 2015
2015030007/42-2
TB
jgo/tb

Dimmuborgir, verndaráætlun

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 2. mars sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvaða viðmið beri að nota um hvort leita þurfi umsagna eða ekki í samræmi reglugerð nr. 1262/2011 um náttúruvættið Dimmuborgir. Í bréfinu kemur fram að þetta eigi fyrst og fremst við þegar fjarlægja þarf gróður við göngustíga eða jarðmyndanir sem hann skyggir á en Umhverfisstofnun er að útbúa verndaráætlun fyrir náttúruvættið.


Náttúrufræðistofnun telur að ekki þurfi að leita umsagnar stofnunarinnar þegar fjarlægja þarf smávegis af gróðri/birki frá göngustígum og/eða jarðmyndunum til að hægt sé að fara um stíga eða til að viðhalda ásýnd á jarðmyndanir. Þessi afstaða miðast við að um sé að ræða fyrirfram ákveðna göngustíga og jarðmyndanir, sem eru valdar til „ásýndar“, og verða í samþykkttri verndaráætlun/deiliskipulagi fyrir svæðið. Ef um er að ræða nýja stíga eða að fram kemur ósk um að fjarlægja mikið af birki frá nýjum stöðum þá beri að leita umsagnar.

Náttúrufræðistofnun vill nota tækifærið til að benda á hvort ný verndaráætlun geri ekki örugglega ráð fyrir að framandi tegundir séu fjarlægðar úr náttúruvættinu s.s. skógarfura.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

